

1922

1982

60 ÁRA

Ungmennasamband Kjalarneßings

# ÞINGGERÐ



58. HÉRAÐSPÍNG

AÐ HLÉGARÐI 20. MARS 1982

58. *Arsþing U.M.S.K.*  
haldið í Hlégardí 20.mars 1982.

I. Formaður Kristján Sveinbjörnsson setti þingið kl.10.15 með stuttu ávarpi. Hann minntist á ýmsa þætti í starfi UMSK og gat þess að dagurinn í dag væri stór dagur í sögu UMSK því um kvöldið yrði 60 ára afmælishóf hjá sambandinu.

II. Kosnir starfsmenn þingsins.

1. þingforseti: Ingólfur Arnason.

2. þingforseti: Páll Adalsteinsson.

Þingritarar: Albert H.N.Valdimarsson,  
Gunnar Baldvinsson.

Kjörbréfaneftnd: Ingimar Sigurtryggvason,  
Páll Bjarnason og  
Kristinn Gylfi Jónsson.

III. Ávörp gesta:

a) Pálmi Gíslason formaður UMFÍ flutti kveðjur frá UMFÍ. Hann taldi að starfsemi UMSK væri að eflast og minntist hann sérstaklega á þátttöku UMSK í 17.Landsmóti UMFÍ sem hann sagði að hefði verið til fyrirmynadar. Pálmi minntist á ýmsa þætti í starfi UMFÍ og m.a. að UMFÍ væri nú að skipuleggja viku þar sem gerð yrði herferð til eflingar íslensum iðnaði, undir kjörordinu "Eflum íslenskt". Pálmi Gíslason lauk máli sínu með því að óska þinginu allra heilla.

b) Jón Ármann Héðinsson flutti kveðjur frá ÍSÍ og sagði að sér væri mikill heiður í því að fá að ávarpa þingið. Hann minntist á 70 ára afmæli ÍSÍ og rakti sögu þess í því tilefni. Þá minntist Jón Ármann á fjárhagsvanda íþróttahreyfingarinnar sem hann sagði að hefði ræst úr á s.l. árum en betur má ef duga skal.

Pá minntist Jón Ármanн aðeins á innri málefni UMSK og sagði m.a. að ef UMSK ætti að starfa áfram óskipt, yrðu félagsmenn okkar að starfa fyrir UMSK. Jón Ármanн afhenti í lokin formanni UMSK afmælisfána íSÍ að gjöf.

- c) Reynir Karlsson íþróttafulltrúi ríkisins þakkaði að fá tækifæri að koma á þingið og þakka UMSK þróttmikið starf. Hann skiladi kveðjum frá samstarfsmönnum sínum í menntamálaráðuneytinu og frá íþróttanefnd ríkisins. Hann lýsti áhyggjum sínum um stöðu íþróttasjóðs ríkisins og sagði að við þyrftum öll að vinna að því að efla hann. Hann sagði að vandasamasta verk íþróttanefndar ríkisins í náinni framtíð voru skipulagsmál íþróttahreyfingarinnar í landinu.

- IV. Kjörbréfanefnd skilar áliti. Páll Bjarnason hafði framsögu f.h. nefndarinnar. Hann las upp kjörbréf og kynnti þingfulltrúa. Malti hann með að eftirtalin kjörbréf yrðu samþykkt.

Umf. Afturelding

Ingólfur Árnason,  
Þorgrímur Cktóson,  
Gunnar Guðmundsson,  
Davíð B. Sigurðsson,  
Victor Úranusson,  
Emil Karlsson,  
Bjarni Halldórsson,  
Gunnar Atlason.

Til vara:

Sigurður Jónsson,  
Bára Ólafsdóttir.

Knattsp. félagið Augnablik

Andrés Pétursson,  
Sveinn Ottósson,  
Gunnlaugur Helgason.

Umf. Bessastaðahrepps

Ólafur B. Schram,  
Haukur Óskarsson,  
Einar Sveinn Reynisson,  
Guðlaugur Einarsson.  
Til vara:  
Sólveig Valgeirsdóttir,  
Jóhann Jóhannesson.

Umf. Drengur

Hördur Guðbrandsson,  
Guðbrandur Hannesson,  
Kristján Sigurðsson,  
Finnur Pétursson,  
Hermann Ingólfsson.  
Til vara:  
Ólafur M. Magnússon.

Iþróttafélagið Gerpla

Margrét Bjarnadóttir,  
Þorsteinn H. Gunnarsson,  
Erla Þorleifsdóttir,  
Bergþóra Sveinsdóttir,  
Sveinbjörn Imsland,  
Ævar Þorsteinsson,  
Agnes Agnarsdóttir,  
Kristjana Lundqvist,  
Einar Davíðsson.  
Til vara:  
Einar Karl Karlsson.

Siglingafélagið Ýmir

Páll Hreinsson,  
Ingvi Kristján Guttormsson,  
Ólafur Bjarnason,  
Gunnlaugur Jónsson,  
Jóhann H. Nielsson.

Umf. Breiðablik

Ingimar Sigurtryggvason,  
Jón Ingi Ragnarsson,  
Sveinn Jóhannsson,  
Karl Steingrímsson,  
Páll Bjarnason,  
Helga Jóhannsdóttir,  
Magnús Baldursson,  
Ester Jónsdóttir,  
Ólina Sveinsdóttir.

Til vara:

Hafsteinn Jóhannesson,  
Jón Guðlaugur Magnússon.

Iþróttafélag Kópavogs

Eggert Jóhannesson,  
Mikkell Snyder  
Sveinn Kjartansson.

Siglingakl. Vogur

Hannes Strange,  
Jón Loftsson,  
Jón Gunnar Adils,  
Guðmundur Guðmundsson,  
Guðmundur Kjærnested.

Golfkl. Kjölur

Kristján Þorgeirsson,  
Davíð Helgason,  
Þorsteinn Ragnarsson,  
Jóhann E.W. Stefánsson.

Handknattleiksfélag Kópavogs

Gestir Þingsins:

Pálmi Gíslason formaður UMFÍ.  
Sigurður Geirdal framkv.stj. UMFÍ.  
Jón Ármanн Héðinsson ísí.  
Hermann Guðmundsson framkv.stj. ísí.  
Reynir Karlsson fþr. fulltr. ríkisins.

Albert H.N. Valdimarsson.

Starfsmadur þingsins:

Gunnar Baldvinsson.

V. Skýrsla stjórnar.

- a) Kristján Sveinbjörnsson form. UMSK vakti athygli á adalatriðum í skýrslu stjórnar sem lá frammi á pinginu í myndarlegu fjöldrituðu hefti. Hann sagði að stærsta verkefnið á liðnu ári hefði verið þátttaka í Landsmóti UMFÍ á Akureyri s.l. sumar. Þátttaka UMSK í mótinu tókst með ágætum og var öllum sem þar áttu hlut að mál, til mikils sóma. Merkar nýjungrar í starfi UMSK á s.l. starfsári eru: 1. Fréttabréf UMSK. 2. Leiðbeinenda-bæklingur í sambandi við útfyllingu kennsluskýrslana. Lokaord Kristján Sveinbjörnssonar voru "Sameinust um að styrkja UMSK í starfi".

b) *Alfbór Jóhannsson, gjaldkeri UMSK, rakti liði reikningana sem birtir eru á bls. 29 - 32 í fjöлritadri skýrslu stjórnar.*

c) *Eftirtaldir tóku til máls um skýrslu stjórnar:*

*Hermann Guðmundsson fram.kv.stj. íSí hakkadi gott starf UMSK s.l. ár og hakkadi sérstaklega fyrir gerð leidbeinendabæklingasins um útfyllingu kennsluskýrslna. Þá ræddi Hermann um framtíð UMSK.*

*Sigurður Geirdal sagði að skýrsla stjórnar sýndi miklu meira starf s.l. ár en mörg undanfarin ár. Hann ræddi einniq um samskipti UMSK og UMFF, qildi félagsmálanámskeiða og einniq um útfyllingu kennsluskýrslna.*

*Sveinn Jóhannsson flutti þakkir til forystu UMSK fyrir skýrslu stjórnar. Hann fjalladi um þátttöku UMSK í landsmóti UMFF og um fréttabréf UMSK en hann sagdist vona að kæmi áfram út. Sveinn sagdist sakna kafla um Getraunir í skýrslunni.*

*Davíð Sigurðsson sagði að ef betri árangur ætti að nást í landsmóti UMSK yrði að vanda betur þau mótt sem UMSK stendur að. Hann hakkadi Kristjáni Sveinbjörnssyni sérstaklega fyrir gott starf.*

*Skýrsla stjórnar og reikningar voru samþykkt samhljóða.*

VI. *Kristján Sveinbjörnsson flutti skýrslu landsmótsnefndar sem er bls. 20 - 22 í fjöлritadri skýrslu UMSK. Jón Ármann fjalladi um búningamál UMSK.*

VII. *Nú var komið matarhló og bað UMSK þingfulltrúum í hádegismat.*

VIII. Tillögur lagðar fyrir bingið og skipað í nefndir.

- a) Gunnar Baldvinsson lagði fram tillögur stjórnar.
- b) Ingólfur Árnason lagði fram tillögu um að UMSK myndi sækja um landsmót UMFI 1991.
- c) Eftirtaldir tóku til máls um tillögurnar: Margrét Bjarnadóttir sagði frá heirri stefnu á Norðurlöndum að etja ekki ungum börnum út í kennni. Hún bar fram fyrirspurn um trimmdaq ísí.

Davíð Sigurdsson fjallaði um tillögu Ingólf Árnasonar.

Páll Adalsteinson studdi tillögu Ingólfss. Jón Ármann Héðinsson tók undir framsýni Ingólfss Árnasonar og svaraði fyrirspurn Margrétar Bjarnadóttur.

- b) Gunnar Baldvinsson las upp skipan í nefndir og voru tillögur hans um nefndaskiptingu samþykktar samhljóða:
  1. Fjárhagsnefnd: form. Jón Guðlaugur Magnússon.
  2. Allsherjarneind: form. Ingimar Sigurtryggvason.
  3. Íþróttanefnd: form. Jón Ingi Rangarsson.
  4. Fræðslu- og útbreiðslun. form. Guðbrandur Hannesson.
  5. Kjörnefnd: Sigurður Geirdal, Páll Bjarnason, Ingólfur Árnason og Albert H.N. Valdimarsson.

IX. Nefndarstörf hófust kl. 14.00 og stóðu til 15.40.

X. Nefndaálit. Áður en álit nefnda voru lögð fram las bingforseti upp skeytti frá Þorsteini Einarssyni f.v. íþróttafulltrúa. Einnig hafði borist blómakarfa frá hreppsnefnd Bessastadahrepps.

- a) Ingimar Sigurtryggvason mælti fyrir tillögum allsherjarnefndar. Jón Guðlaugur Magrússon ræddi um 2.tillögu sem hann taldi að rækist á eina tillögu frjárhagsnefndar.

Að umræðum loknum bar Kingforseti tillögur allsherjarnefndar.

1.tillaga

58.ársþing UMSK haldid í Hlégardí 20.mars 1982 samþykkir að fela stjórn sambandsins að sækja um landsmót 1991 til UMFÍ með ósk um að endanlegt svar liggi fyrir sem allra fyrst.

Samþykkt samhljóða.

2.tillaga

58.ársþing UMSK .... beinir því til aðildarfélaga sinna að þau nýti sér sumarhús sambandsins í Þrastaskógi, t.d. til félagsmálanámskeida. Einnig mætti stefna fólk til vinnuferða þangað.

Bingið beinir því til stjórnar UMFÍ að koma upp hreinlætis- aðstöðu svo og tjaldstæðum í Þrastaskógi.

Samþykkt samhljóða.

3.tillaga

58.ársþing UMSK .... samþykkir að beina því til aðildarfélaganna að þau stuðli að auknum framkvæmdum að landgræðslu og landvernd hvert á sínu félagssvæði.

Samþykkt samhljóða.

4.tillaga

58.ársþing UMSK .... fagnar tillögu frá UMFÍ undir kjörordinu "Eflum íslenskt" og hvetur aðildarfélög UMSK til að taka myndarlega hátt í fyrirhugaðri hjólréiðaferð um landid í sumar, til stuðnings bessu markmiði.

Samþykkt samhljóða.

- b) Nú var gert kaffihlé og bað Umf. Afturelding þingfulltrúum í kaffi.
- c) Gunnar Baldvinsson mælti fyrir tillögum íþróttanefndar. Eggert Jóhannesson kom með fyrirspurn vardandi tillögu íþróttanefndar um minni knattspyrnu. Gunnar Guðmundsson svaraði fyrirspurninni. Eggert Jóhannesson lýsti þá ánægju sinni með tillöguna og hvatti til að þessum málum yrði fylgt vel eftir. Nokkrar umræður urðu síðan um fyrstu tillögu íþróttanefndar. Þessir tóku til máls: Sveinn Jóhannsson, Andrés Pétursson og Gunnar Baldvinsson. Fram kom breytingatillaga frá stjórn.

Þingforseti bar upp tillögurnar að loknum umræðum.

#### 5. tillaga

58. ársþing UMSK .... samþykkir að fela stjórn UMSK að skipa í samráði við félögin sérráð í knattspyrnu, handknattleik og frjálsum íþróttum. Sérrádin skulu sjá um mótt á vegum sambandsins og um mótt þau er sambandio tekur hátt í. Heimilt er stjórn UMSK að skipa sérráð í fleiri greinar ef þurfa þykir.

Samþykkt med horra atkv. geðn 6.

#### 6. tillaga

58. ársþing UMSK .... beinir því til stjórnar UMSK að haldin verði héraðsmót í körfuknattleik, karate, blaki, fimleikum, júdo, o.fl. greinum.

Samþykkt samhljóða.

7.tillaga

58.ársþing UMSK .... samþykkir að vald verði alltaf þad sterkasta lið í hverri grein, til keppnis á landsmótum.

Samþykkt með lófaklappi.

8.tillaga

58.ársþing UMSK .... samþykkir að komið verði á héraðsmótum í minni-knattspyrnu fyrir 6.aldurflokk. Haldin verði tvö móti á ári, miðsumars og haustmóti. Farið verði, eftir almennum reglum KSÍ. Einnig verði UMSK móti fyrir 5.aldursflokk, minni-knattspyrnu.

Samþykkt samhljóða.

9.tillaga

58.ársþing UMSK .... minnir adildarfélög sín á trimmudag **tsí** sunnudaginn 27.júní. Keppnin er stigakeppni á milli héraðssambanda og einnig á milli adildarfélaga UMSK, reiknað út sem hlutfall skrádra félaga.

Samþykkt samhljóða.

d) Jón Guðlaugur Magnússon mælti fyrir tillögum fjárhagsnefndar.

Gunnar Baldvinsson lýsti ánægju med framkomnar tillögur fjárhagsnefndar.

Gunnar Atlason taldi óedlilega hátt að hafa skatt kr. 20 pr. félaga. Þá taldi hann að gróði af rekstri skólans í Þrastaskógi óraunhæfan.

Kristján Þorgeirsson fannst 20 kr. of hár skattur fyrir félögini.

Jón Guðlaugur Magnússon ítrekadi að heilbrigdast væri að adildarfélögin fjármögnudu að verulegu leyti þjónustustarfsemi UMSK.

Ingólfur Árnason og Guðbrandur Hannesson tóldu bádir að 20 kr. væri of hár skattur pr. gjaldhæfan félaga.

Tillögur fjárhagsnefndur voru síðan bornar upp til samþykktar.

#### 10. tillaga

58. árshing UMSK .... þakkar sveitastjórnunum á sambandssvædinu og sýslunefnd fyrir veittan stuðning síðasta ár og leagur til við sveitafélögin að þau miði framlag sinn við íbúafjölda á þessu ári, kr. 5 á íbúa.

Samþykkt samhljóða.

#### 11. tillaga

58. árshing UMSK .... samþykkir að skattar adildarfélaganna verði kr. 10 á hvern gjaldskyldan félaga.

Samþykkt samhljóða.

#### 12. tillaga

58. árshing UMSK .... beinir þeim tilmælum til adildarfélaganna að þau hagnúti sér í auknum mæli Getraunirnar til fjárlunar en sambandið hefur einnig tekjur þar af. Jafnfram beinir þingið þeim tilmælum til stjórarinnar að hún kanni hvernig sölu og dreyfinu er háttad á sambandssvædinu og verði adildarfélögnum til aðstodar við skipulag sölunnar þar sem þess er hörf.

Samþykkt samhljóða.

13. tillaga

58.ársþing UMSK .... beinir þeim tilmælum til stjórnarinnar hvort ekki megi á einhvern hátt nýta aðstöðu sambandsins í þrastaskógi til tekjuöflungar, t.d. með leigu á húsi sambandsins.

*Samþykkt samhljóða.*

14. tillaga

58.ársþing UMSK .... samþykkir að gefa út afmælisrit, með auglýsingum til tekjuöflunar.

*Samþykkt samhljóða.*

15. tillaga

58.ársþing UMSK .... beinir þeim tilmælum til stjórnarinnar að kannadir verði möguleikar á að halda fjölskylduhátið í sumar.

*Samþykkt samhljóða.*

c) Guðbrandur Hannesson mælti fyrir tillögum fræðslu- og útbreiðslunefndar.

Gunnar Atlason beindi tillögum um form á fréttabréfi UMSK til framkvæmdastj.

Páll Bjarnason létt í ljós ánægju með fréttabréf UMSK.

Eggert Jóhannesson mælti fyrir tveimur tillögum í viðbót um fræðslu og útbr.mál frá sér og Sveini Kjartanssyni (no. 20, 21) Að loknum umræðum bar þingforseti upp tillögurnar.

16.tillaga

58.ársþing UMSK .... beinir því til stjórnar sambandsins að halda áfram útgáfu Fréttabréfs UMSK. Þingið telur að bréfið auki upplýsingastreymi innan samtakanna og sé auk þess góður vettvangur skodana skipta um málefni hreyfingarinnar. Þingið hvetur aðildarfélögin til að kynna vel bréfið á fundum og æskilegt væri að bréfið lægi frammi á samkomustöðum félagsmanna og í íþróttahúsum á félagssvæðinu.

Samþykkt samhljóða.

17.tillaga

58.ársþing UMSK.... beinir því til stjórnar sambandsins að UMSK gangist fyrir dómaranámskeidum í hinum ýmsu greinum íþróttar medal aðildarfélaga sinna. Nínast þyrfti að skylda aðildarfélögin til hess að senda lágmarksfjölda á slík námskeid. Markmið hvers félags verður að vera að eiga minnst 2 dómara í hverri þeirri grein sem starfrækt er sem keppnisgrein.

Samþykkt samhljóða.

18.tillaga

58.ársþing UMSK skorar á aðildarfélögini að nýta betur málgagn sitt, Skinfaxa, einnig að koma fréttum á framfæri í fréttabréfi UMSK og í aðra fjöldi.

Samþykkt samhljóða.

19.tillaga

58.ársþing UMSK .... hvetur aðildarfélög sin til að nýta sér þá möguleika sem félagsmálaskóli UMFI býður upp á sambandi við námskeiðshald. Æskilegt væri þó að UMSK héldi félagsmálanámskeið vegna þeirra félaga sem hafa fáa páttakendur.

Samþykkt samhljóða.

20. tillaga

58. ársþing UMSK.... leggur til við stjórn UMSK að hún kanni hvað hægt sé að gera til styrktar hinum ýmsu þjálfurum og leiðbeinendum sem starfa innan UMSK, til framhaldsmenntunar.

Samþykkt samhljóða.

21. tillaga

58. árþspins UMSK .... beinir því til stjórnar sambandsins að halda verði fræðslunámskeid í hverri íþróttagrein fyrir sig, b.e. ísí stigin A,B,C og D.

Samþykkt samhljóða.

f) Páll Bjarnason mælti fyrir tillögum kjörnefndar sem voru allar samþykktar með lofaklappi. Eftirtaldir voru kosnir í ábyrðar og trúnaðarstöður:

Formadur: Kristján Sveinbjörnsson, Bessasthr.

Aðrir stjórnarmenn:

Sveinn Jóhannsson, UBK.

Jóhannes Sveinbjörnsson, Stjarnan.

Sveinn Ottósson, Augnablik.

Ólafur Magnússon, Dreng.

Varastjórn:

Jón Ármann Héðinsson, HK.

Gunnar Atlason, UMFA.

Páll Adalsteinsson, UMFA.

Endurskodendur:

1. Magnús Bjarnason.

2. Steinhór Pálsson

Til vara:

1. Steinþór Ólafsson.
2. Páll Bjarnason.

Dómstóll:

Sigurður Skarphéðinsson,  
Tómas Guðmundsson,  
Albert H.N. Valdimarsson.

- g) Tillaga kom frá fráfarandi stjórn um að senda Helga Gunnarssyni f.v. framkvændastjóra skeitti. Tillagan var samþykkt með lófaklappi.

22.tillaga

58.ársþing UMSK .... sendir þér kveðjur sínar og pakkir fyrir velunnin störf í þágu sambandsins.  
Íslandi allt.

XI. Önnur mál.

Kristján Sveinbjörnsson nýkjörin formaður UMSK þakkaði þingheimi traustið. Hann pakkaði meðstjórnendum s.l. árs fyrir gott samstarf og bað nýja menn í stjórn velkomna.

Páll Adalsteinsson óskarði nýkjörinni stjórn til hamingju með kjörið og minnti þingheimi á afmælishófið um kvöldið.

Guðbrandur Hannesson þakkaði mönnum fyrir gott þing og árangursríkt. Taldi hann þetta UMSK þing það besta sem hann hefði setið á. Hann flutti einnig Umf. Aftureldingu þakkir fyrir góðar móttökur.

Karl Steingrímsson lagði til að þingfulltríðar þökkuðu þingforseta Ingólfí Arnasyni vel unnin störf með lófaklappi. Var það gert.

Þingforseti þakkaði vel unnin störf á þinginu og sleit bar með 58.ársþingi UMSK kl.17.40.

Gunnar Baldvinsson,

Albert H.N. Valdimarsson.

sextau ðin afmælishátið U.M.S.K.

Májusdaginn 20. mars 1982 kl. 19.00 hófst afmælishátið í Hlégardí mosfellissvæit. Nýjörinn formadur sambandsins Kristján Sveinbjörnsson setti hófið og tilnefndi Pál Ádalsteinsson veislustjóra.

Afmælisnefndin, en hana skipuðu Kristján Sveinbjörnsson og Pál Ádalsteinsson höfdu sent út bodskort til sveitastjórna á sambandssvædinu, fyrrverandi formanna sambandsins, formanna UMFÍ og íst. Keppendum og fararstjóra er keptu fyrir UMSK á landsmótinu í Haukadal 1940, fulltrúum á 58. ársþingi UMSK svo og ýmsum velunnurum sambandsins.

Mjög góð þátttaka bodsgesta var í hófið eða um 180 manns. Mosfellshreppur og Slá turfélag Suðurlands gáfu kvöldverðinn sem var bæði mikill og góður. Veitingarmaður Hlégards Kristinn Hardarson og stúrfsfólk hans eiga þakkir skilið fyrir góða þjónustu og mikla lipurd.

Margar rædur voru fluttar, bornar fram árnaðaróskir og UMSK færðar gjafir. Rædumenn voru: Pálmi Gíslason formadur UMFÍ færði sambandinu vandað pennasett. Jafnfamt heidradi hann þrá gesti í hófinu með starfsmerkni UMFÍ, en þeir voru Margrét Bjarnadóttir formadur Gerplu, Ingólfur Arnason formadur Aftureldingu og Jón Ingi Raynarsson fyrrverandi formadur knattspyrnudeildar Breiðabliks, Hannes Þ. Sigurdsson varaforseti ISÍ færði sambandinu veglegan bikar sem ber heitið íst bikarinn. Reynir Karlsson íþróttafulltrúi ríkisins, Niels Á. Lund moskulýðsfulltrúi ríkisins, Ólafur Jónsson varaformadur fBR færði sambandinu vandaða veggklukku og barónet. Kristján Guðmundsson færði sambandinu kr. 40.000.- að gjöf frá Kópavogsbæ. Sálome Þorkelsdóttir oddviti og alþingismaður tilkynnti um gjöf Mosfellshrepps sem var kvöldverður er veislugestir neyttu. Magnús Þórhilsson, oddviti færði sambandinu stóran og fagran bikar, slákbikar frá Kjósarhreppi. Július Sólnes flutti kvedjur frá Seltjarnarneshreppi og tilkynnti að gjöf frá kaupstaðnum yrði afhent í sunar þegar fjárhagsáætlun hefur verið endurskoðuð. Jafnframt haud Július að hann skyldi vinna að því að Seltjarnarneshær bæti UMSK að halda afmælishátiðina er sambandið verður 75 ára. Jón Sveinsson forseti bæjarstjórnar Gardabæjar flutti kvedjur og sagði að gjöf yrði afhennit síðar.

Axel Jónsson fyrrum formaður UMSK og alþingismáður flutti ávarp eftir færði sambandinu mikin og fagran veggskjöld á hann að vera farand-gripur og veitast sem viðurkenning fyrir unnin félagsstörf á sambandssvæði UMSK. Bergþór Úlfarsson frá stjórnunni færði sambandinu stjóran og fagran bikar.

Grímur Norddahl flutti kvedjur og rifjadi upp ræðu er Ólafur Thors flutti á þrjátíuára afmæli UMSK þar sem hann tilkynnti að hann gæfibikar sem Asbjörn Sigurjónsson hefði verið að kvabba um.

Jón M. Guðmundsson Reykjum sagði frá Landsmótinu í Haukadal og færði sambandinu stóran og fagran bikar, sem keppa á um í sundi.

Bikarinn skal heita Haukadalsbikarinn. Margrét Bjarnadóttir formaður Gerplu færði sambandinu vandaða skeiðklukku. Stúlkur frá Iþróttafélaginu Gerplu sýndu dýnu stökk og Jass ballett undir stjórn Jónínu Karlsdóttur við mikinn fögnud veislugesta. Tveir piltar úr Karate deild Gerplu sýndu listir sínar og var undrun veislugesta mikil. Sýningar þessar voru mjög vel heppnadar og Gerplu til mikils sóma. Stórir og fagrir blómvendir ásamt heillaóskum bárust frá bæjarstjórn Gardabæjar og sveitarstjórn Bessastaðahrepps. Heilla-skeyti bárust frá Þorsteini Einarsyni fyrrum iþróttafulltrúa ríkisins og Guðmundi Gíslasyni Kaupfélagsstjóra Stöðvarfirdi, Páli S. Pálssyni fyrrum formanni UMSK, Ingimar Ingimarsson varaformadur Breiðabliks færði sambandinu oddfána félagsins á stöng. Meðan á kvöldverði stóð spiladi Páll Helgason á flygi og stjórnadi fjöldasöng.

Kristján Sveinbjörnsson heidradí iþróttafólkið frá 1940 með afmælis-fána UMSK, sem var áletradur með nafni hvers keppanda, en þeir voru: Axel Jónsson, David Guðmundsson, Gísli Andrésson, Grímur Norddahl, Janus Eiríksson, Jón M. Guðmundsson, Njáll Guðmundsson, Unnur Sveins-dóttir, Skúli Norðahl. Keppendum sem ekki væru mættir verda sendir afmælisfánar með kvedjum frá UMSK en þeir eru: Guðmundur Þ. Jónsson, Guðmundur Jónsson, Sveinn Guðmundsson, Sesselja Erlendsdóttir og Sesselja Trap. Jafn framt var fyrsti formaður UMSK Guðbjörn Guðmundsson, Pálmi Gíslason, Sigurður Geirdal og Sigurður Skarphéðinsson heidradir með afmælisfánanum.

Kristján Sveinbjörnsson flutti í lokin þakkir til veislugesta og sérstaklega þeim er færðu afmælisbarninu gjafir á þessum timamótum og óskadi þeim allra heilla.

Hljómsveitin Vitlausabandalék í lokin danslög og var dansað til kl. 24.00